

**Nd.**

**263. Frumvarp til laga**

**[246. mál]**

um breytingu á lögum nr. 53 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Ríkismat sjávarafurða heyrir undir sjávarútvegsráðherra og lýtur stjórn hans. Hlutverk stofnunarinnar er að stuðla að bættum hráefnis- og vörugæðum með því að hafa eftirlit með fiski sem veiddur er úr sjó til manneldis, svo og eftirlit með meðferð, flutningi, geymslu og vinnslu hans sem og útflutningi fiskafurða.

2. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna falli niður.

3. gr.

1. mgr. 11. gr. laganna orðist svo:

Ferskfiskdeild skal fylgjast með meðferð, löndun, geymslu og ástandi landaðs afla allt til þess er vinnsla hefst.

4. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Rísi ágreiningur milli fiskkaupenda og seljenda um gæðaflokkun fisks má leita úrskurðar Ríkismats sjávarafurða um þann ágreining.

Yfirfiskmatsmenn úrskurða um slíkan ágreining og greiðist kostnaður af slíku mati af fiskkaupendum og seljendum samkvæmt gjaldskrá Ríkismatsins.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1987.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að skyldumat á ferskum fiski á vegum Ríkismats sjávarafurða verði afnumið. Þess í stað er gert ráð fyrir að gæðamat á ferskum fiski verði í höndum viðskiptaaðilanna sjálfra, þ.e. kaupenda og seljenda. Er álitnið að gæði landaðs afla muni aukast með því að tengja mat hans með beinni hætti en verið hefur fjárhagslegum skiptum þeirra sem þessi viðskipti stunda. Í frumvarpinu er einungis kveðið á um afnám

núverandi skyldumats opinberra aðila á ferskum fiski en ekki ákveðið með hvaða hætti framkvæmd þessara mála skuli háttáð hjá viðskiptaaðilum. Liggur í hlutarins eðli að um það verða þeir að koma sér saman án afskipta hins opinbera. Þrátt fyrir afnám skyldumats Ríkismatsins á ferskum fiski er gert ráð fyrir að stofnunin fylgist áfram með ástandi þessara mála og að viðskiptaaðilar geti skotið ágreiningsmálum sínum til Ríkismatsins ef þeir óska þess. Með frumvarpinu er lagt til að á þessu stigi verði einungis gerðar lágmarksbreytingar á lögnum um Ríkismat sjávarafurða. Yfir stendur endurskipulagning á stofnuninni í heild sem mun að sjálfsögðu taka mið af afnámi skyldumatsins og reynslu af nýju gæðamatskerfi á ferskum fiski ef tillögur frumvarps þessa ná fram að ganga. Í framhaldi af því starfi má vænta þess að fram verði lagt síðar nýtt heildarfrumvarp um Ríkismat sjávarafurða.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1987 er við það miðað að ferskfiskmat í núverandi mynd verði lagt niður. Er þar gert ráð fyrir að stöðuheimildum stofnunarinnar fækki um 43,6 við það að niður verða lagðar stöður ferskfiskmatsmanna. Þá er gert ráð fyrir verulegri lækun rekstrargjalda stofnunarinnar af sömu ástæðu. Í heild er í fjárlagafrumvarpi gert ráð fyrir að fjárveitingar til stofnunarinnar lækki um 25 m.kr. á árinu 1987 frá því sem verið hefði við óbreytta starfsemi. Á komandi árum mun þessi breyting hafa í för með sér enn meiri árlegan sparnað vegna þess að endurskipulagning stofnunarinnar í framhaldi af þessum breytingum mun leiða til frekari lækkunar rekstrarkostnaðar og fækkunar starfsfólks og eins kemur sparnaðurinn ekki fram að fullu á fyrsta ári, m.a. vegna launa á uppsagnarfresti.

Ferskfiskeftirliti var komið á fót hér á landi árið 1961 með lögum nr. 42/9. júní 1960, um ferskfiskeftirlit. Var það að frumkvæði hagsmunaaðila í sjávarútvegi og lágu þær ástæður helstar að baki að gæðum fiskafla sem landað var til vinnslu hafði hrakað. Einkum var um kennt stórauðinu netaveiði á kostnað línuveiða ásamt óhóflegri netanotkun. Þá var lítil verðmunur gerður á fiski eftir gæðum og enginn verðmunur á tveggja náttu netafiski og besta línufiski. Ásamt því að taka upp ferskfiskmat var tekin upp gæðaflokkun þar sem verðmunur milli flokka var það mikill að skipshafnir töldu sér hag í því að koma mestum hluta aflans í fyrsta flokk. Ríkismat sjávarafurða var stofnað með lögum nr. 53/1984 og var þá lögð niður starfsemi Framleiðslueftirlits sjávarafurða. Megintilgangur laganna var að skilja að ferskfiskmat og afurðamat. Var ábyrgð framleiðenda á afurðum aukin til muna. Sölusamtökum í sjávarútvegi var gert að koma sér upp eftirliti með framleiðslu afurða sinna, ellegar kaupa þá þjónustu af Ríkismatinu eða öðrum viðurkenndum eftirlitsaðilum. Afurðamat með þessu nýja sniði hefur gengið ágætlega. Með lögnum var gert ráð fyrir að ferskfiskmat yrði áfram í höndum opinbers aðila og að skyldumat yrði á öllum aflu. Ferskfiskmatið hefur í hugum margra fyrst og fremst verið grundvöllur verðlagningar þó að hlutverk þess sé einkum að stuðla að bættri meðferð og auknum gæðum afla.

Þó ferskfiskmatið hafi á síðari árum verið gagnrýnt er það samdóma álit manna að ferskfiskeftirlit hafi á sínum tíma leitt til bættrar meðferðar afla er á land barst. Hins vegar er það í dag almenn skoðun meðal hagsmunaaðila að þær forsendur sem lágu að baki stofnun ferskfiskeftirlitsins séu ekki lengur fyrir hendi. Hafa t.d. nýir möguleikar í sölu á fiski, þar á meðal aukin sala á ferskum fiski erlendis, hvatt menn til betri meðferðar. Sjávarútvegsráðuneytið gekkst fyrir fundi með hagsmunaaðilum í sjávarútvegi um framtíð Ríkismats sjávarafurða þann 2. október s.l. Var það samróma álit fundarmanna að skyldumat Ríkismatsins á ferskum fiski skyldi lagt niður. Þess í stað yrði tekið upp gæðamat er væri í höndum þeirra sem að þessum viðskiptum standa, þ.e. fiskkaupenda og seljenda. Á fundinum komu ekki fram samhljóða tillögur um nánari útfærslu á þessu ferskfiskmati en menn voru sammála um að gæði aflans yrðu best tryggð með því að fela viðskiptaaðilum matið og tengja það þannig með mun beinni hætti við fjárhagsleg skipti þeirra en verið hefur.

Á 15. þingi Sjómannasambands Íslands sem haldið var 23.–25. október s.l. var fjallað um framtíð Ríkismats sjávarafurða og eftirfarandi ályktun samþykkt:

„15. þing Sjómannasambands Íslands hafnar þeirri hugmynd að leggja Ríkismat sjávarafurða niður meðan ekki hefur komið fram nein haldbær tillaga um hvað leysa skuli Ríkismatið af hólmi.

Pingið vísar því til sambandsstjórnar SSÍ að hún eigi frumkvæði og aðild að því að hagsmunaaðilar í sjávarútvegi komi sér saman um framtíð fiskmatsins eða hvað koma skuli í stað þess.“

Á aðalfundi Landssambands íslenskra útvegsmanna í Vestmannaeyjum 5.–7. nóvember s.l. var sömuleiðis fjallað um málið og svohljóðandi samþykkt gerð:

„Fundurinn samþykkir, að Ríkismat sjávarafurða verði lagt niður og verkefni þess framkvæmd á eftirfarandi hátt:

- a. Í hverri verstöð verði skipuð nefnd útgerðarmanna, sjómanna og fiskkaupenda sem sjái um framkvæmd ferskfiskmats, þ.m.t. um lausn á hugsanlegum ágreiningi.
- b. Eftirlit með búnaði fiskiskipa verði í höndum Siglingamálastofnunar en eftirlit með búnaði fiskvinnslustöðva verði hjá Vinnueftirliti ríkisins.
- c. Afurðamat verði alfarið í höndum útflutnings- og söluaðila.“

Af þessum samþykktum sést að nokkur ágreiningur ríkir meðal hagsmunaaðila í sjávarútvegi um það hvernig skuli standa að endurskoðun á hlutverki Ríkismatsins. Landssamband íslenskra útvegsmanna vill ganga mun lengra en frumvarp þetta gerir ráð fyrir meðan Sjómannasamband Íslands telur að haldbær tillaga þurfi að liggja fyrir um hvað leysa skuli Ríkismatið af hólmi áður en ákvörðun er tekin um breytingu á hlutverki þess. Hvað afstöðu Sjómannasambandsins varðar er það ljóst að verði skyldumat Ríkismatsins lagt niður verða viðskiptaaðilar með ferskan fisk að koma sér saman um nýtt gæðaeftirlitskerfi og áhrif þess á verðflokkun. Við því er hins vegar varla að búast að viðræður um það hefjist af alvöru nema fyrir liggi að ætlunin sé að fella niður skyldumat á ferskum fiski af opinberri hálfu. Fram til gildistöku frumvarps þessa ætti að gefast nægt svigrúm fyrir hagsmunaaðila til að koma sér saman um nýja skipan þessara mála og væri edlilegt að þeir hæfu undirbúning nú þegar. Í frumvarpinu er við það miðað að Ríkismat sjávarafurða starfi áfram og því gengið mun skemmra en LÍÚ leggur til. Sjávarútvegsráðuneytinu ber að hafa eftirlit með og stjórna nýtingu fiskveiðiaudlindarinnar. Því þarf að vera til stofnun sem hefur yfirsýn yfir alla þætti gæðamála í sjávarútveginum. Enda þótt hið opinbera hætti beinni framkvæmd mats ber ráðuneytinu að sjá til þess að sjávarútvegurinn búi yfir virku gæðastjórnunarkerfi sem tryggji það að afurðir uppfylli þær kröfur um gæði sem markaðirnir gera þannig að íslenskar afurðir verði taldar gæðavara. Af þessum ástæðum hefur Ríkismatið mikilvægu hlutverki að gegna þrátt fyrir afnám skyldumats á ferskum fiski. Meðal annarra verkefna þess í framtíðinni má nefna að gerð er tillaga um það í frumvarpinu að úrskurðar þess megi leita í ágreiningi um ferskfiskmat með svipuðum hætti og nú gildir um yfirmat á afurðum. Það fyrirkomulag hefur reynst vel og slíkur möguleiki á yfirmati er til þess fallinn að eyða tortryggni vegna kerfisbreytingarinnar. Þá mun Ríkismatið áfram sinna eftirliti með hreinlæti og búnaði og útgáfu útflutningsvottorða þegar opinberra vottorða er krafist af erlendum kaupanda og yfirmati á afurðum. Tillögur LÍÚ um að leggja stofnunina niður með öllu og fela öðrum stofnunum þau verkefni sem eftir standa eru óraunhæfar. Er hætt við að mun minna tillits gætti til sérstakra aðstæðna sjávarútvegsins ef þessi verkefni færðust af starfssviði Sjávarútvegsráðuneytisins og stofnana þess. Er miklu frekar ástæða til að endurmeta afskipti hinna ótalmörgu almennu eftirlitsstofnana ríkisins af málefnum sjávarútvegsins.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Með þessari grein er lagt til að afnumið sé skyldumat Ríkismats sjávarafurða á öllum fiski sem veiddur er úr sjó. Gert er ráð fyrir að stofnunin starfi áfram að þeim megin-

markmiðum að bæta hráefnis- og vörugæði í íslenskum sjávarútvegi. Þessu hlutverki gegnir stofnunin með því að hafa almennt eftirlit með og yfirsýn yfir meðferð á afla frá því hann kemur um borð í veiðiskip uns fullunnin vara er flutt út. Þannig er gert ráð fyrir að stofnunin sinni t.d. áfram eftirliti með hreinlæti og búnaði, útgáfu útflutningsvottorða þegar opinberra vottorða er krafist af erlendum kaupenda og yfirmati á afurðum.

Um 2. gr.

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að allar stöður ferskfiskmatsmanna verði lagðar niður en yfirmatsmenn meti ferskan fisk sé leitað sérstaklega eftir úrskurði. Því þykir nauðsynlegt að fella niður þetta ákvæði.

Um 3. gr.

Hér er lagt til að 1. mgr. 11. gr. laga nr. 53/1984 sé löguð að megintilgangi frumvarpsins, sem fram kemur í almennum athugasemdum, að skyldumat á öllum ferskum fiski er afnumið. Ferskfiskdeild er ekki lögð niður og mun eftir sem áður fylgjast með búnaði og hreinlæti í fiskiskipum, gámum og öðrum flutningatækjum fyrir afla. Deildin mun áfram gefa út hæfnisvottorð til fiskiskipa.

Um 4. gr.

Með 4. gr. er gert ráð fyrir að úrskurðar Ríkismats megi leita í ágreiningi um ferskfiskmat með svipuðum hætti og nú gildir um yfirmat á afurðum.

Gert er ráð fyrir að fiskkaupendur og seljendur komi sér saman um með hvaða hætti ferskur fiskur skuli metinn í framtíðinni og áhrif þess á fiskverð. Rísi hins vegar ágreiningur milli þessara aðila er með þessu ákvæði opnuð leið til að leita til Ríkismatsins um úrskurð. Er gert ráð fyrir að hvor aðili um sig geti leitað úrskurðar og er þá sérstaklega greitt fyrir slíkt mat.

Um 5. gr.

Parfnast ekki skýringa.